

Reykjavík 3. júní 2011


Til stéttarfélaga BHM sem gert hafa  
stofnanasamninga við Landspítala

**Með vísan til fundar með fulltrúa BHM félaga með undirrituðum þann 25. maí 2011**

Landspítali mun eftir því sem eftir verður leitað vinna með starfshópi þeim sem áformað er að setja á laggirnar til að gera úttekt á núverandi launakerfi samkvæmt bókun 1 meðfylgjandi nýjum kjarasamningi BHM og ríkisins sem gerður er í júní 2011. Í því sambandi er spítalinn tilbúinn til að gera úttekt á framkvæmd stofnanasamninga viðkomandi stéttarfélaga og láta vinnuhópnum í té tiltækar upplýsingar sem að gagni geta komið í þessum tilgangi. Skoðuð verði röðun og nýting persónubundinna þátta yfir tiltekið tímabil eftir því sem unnt er á grundvelli skráningar í launakerfi stofnunarinnar.

Með vísan til umræðu á tilvitnuðum fundi þann 25. maí 2011 verður starfshópurinn jafnframt upplýstur um stjórnkerfi stofnunarinnar og hvar ákvarðanir eru teknar um röðun og breytingar á þeim.

Virðingarfyllt



---

Björn Zoëga, forstjóri Landspítala